

Skipulagsstofnun
b/t Jóns Ágústssonar
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. júlí 2023
Málsnúmer: 202306-0036
IAS

Efni: Umsögn um matsáætlun vegna 20.000 tonna landeldis í Ölfusi.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 27. júní 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna 20.000 tonna landeldis í Ölfusi. Fyrirtækið Thor landeldi ehf áformar byggingu landeldisstöðvar á lóðunum nr. 35, 37, 39 og 41 vestan við Þorlákshöfn í Ölfusi sem mun samanstanda af seiðaeldisstöð og áframeldisstöð til eldis á laxi, bleikju eða regnbogasilungi. Í matsáætlun er gerð grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar og þeir þættir sem geta haft áhrif á umhverfið skilgreindir.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

- Mikilvægt er að vel verði skoðuð samlegðaráhrif fiskeldis- og annarra fyrirtækja innan svæðisins í heild þar sem sérstaklega verði gerð grein fyrir frárennsli í sjó.
- Fram kemur að m.a. verði stuðst við fyrirliggjandi gögn frá Vatnaskilum vegna vatnstöku annarra fyrirtækja á nálægum lóðum og að fyrirhugaðar séu tilraunadælingar á lóðinni en ekki kemur fram hver muni annast þær. Mikilvægt er að þær verði framkvæmdar þannig að þær verði samburðarhæfar við fyrirliggjandi gögn svo hægt verðir að skoða samlegðaráhrif fiskeldisins og annarra fyrirtækja innan svæðisins.
- Mikilvægt er að fyrir liggi vöktunaráætlun til að fylgjast með grunnvatnsstöðu, sem og skilgreindar mótvægisáðgerðir til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum.
- Ekki stendur til að skoða áhrif á gróðurfar og fugla og er vísað til niðurstaðna rannsókna á nærliggjandi lóðum. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki hægt að fullyrða án athugana um umhverfisáhrif á þessa þætti og því sé eðlilegt að bæði gróðurfar og fuglalíf verði rannsakað, auk lífríkis í fjöru.
- Lóðirnar eru á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Fram kemur að svæðið sé að hluta raskað en annars á mestu sandorpu hrauni eða hulið jarðvegi og gróðri og hafi þar af leiðandi „líklega tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndanir“. Skoðun á loftmyndum af framkvæmdasvæðinu sýnir að þetta er ekki rétt, rask er aðallega vestast á svæðinu en annars staðar má sjá þrýstihryggi og önnur form í hrauninu. Framkvæmdirnar eru því líklegar til að hafa óafturkræf áhrif á jarðmyndanir og er æskilegt að jarðmyndanir verði skoðaðar og áhrifin metin.
- Nú þegar eru gömul hús í niðurníðslu á lóðinni en ekki kemur fram hvað gert verður við þau, ef þau nýtast ekki væri réttast að fjarlægja þau.
- Gera þarf grein fyrir lagnaleið, neysluvatns-, heits vatns og rafmagns að lóðinni.
- Í kafla um sjúkdómavarnir stendur: „Þá verður gerð grein fyrir hugsanlegum ágangi vargs og vörnum við honum eftir því sem við á.“ Hugtakið vargur er hvergi notað í lögum



um villt dýr eða í lögum um umhverfismat og er að mati Náttúrufræðistofnunar merkingarlaust og ætti að gera grein fyrir því hvaða dýr er hér átt við og eins þá mótvægisáðgerðum, sé talin þörf á.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur, á sviði náttúruverndar